



Þekkingarsetur
Þingeyinga

FRAMVINDUSKÝRSLA 2003-2005

JANÚAR 2006

Janúar 2006

Útgefandi:
Þekkingarsetur Þingeyinga

Texti og myndir:
Óli Halldórsson

Garðarsbraut 19, 640 Húsavík
s. 464 0444 – fax 464 0445
www.hac.is – hac@hac.is

INNGANGUR	1
STARFSEMI.....	3
HÚSNÆÐISMÁL	9
VERKEFNI	11
SAMSTARF	13
FJÁRHAGUR.....	15
LOKAORÐ	17

Inngangur

Bekkingarsetur Þingeyinga var stofnað sumarið 2003 og hóf starfsemi þann 1. október sama ár. Stofnunin hóf starfsemina á grundvelli samnings við menntamálaráðuneytið um fjárstuðning til uppbyggingar þekkingarseturs á Húsavík. Er það samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra um átak í menntun og menningu á landsbyggðinni. Samningur þessi kvað á um 5 m.kr. ársframlag til þriggja ára frá árinu 2003 að telja. Samningurinn er nú á enda og er skýrsla þessi tekin saman sem lokaframvinduskýrsla verkefnisins.

Starfsemi Þekkingarsetursins hefur vaxið jafnt og þétt á þessum stutta tíma frá árinu 2003. Fyrstu mánuðina eftir stofnun haustið 2003 var stofnunin rekin í bráðabirgðahúsnæði ásamt Náttúrustofu Norðausturlands. Flutt var í nýtt húsnæði um mitt ár 2004 og var þá hægt að hefja rekstur Þekkingarsetursins í þeirri mynd sem menntamálaráðuneytið og heimamenn ætluðu í upphafi og kveðið var á um í skipulagsskrá.

Frá stofnun setursins hefur það hlotið mjög góðar viðtökur í héraðinu og mikil eftirspurn hefur verið fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þannig er ljóst að þörf hefur verið mikil fyrir aðstöðu og miðstöð háskólanema í héraðinu auk þess sem ekki hefur staðið á vilja ungs rannsóknafólks til að nýta sér þjónustu og aðstöðu setursins.

Frá stofnun Þekkingarsetursins hefur stofnunin unnið náið með Fræðslumiðstöð Þingeyinga (FræÞing). Á árinu 2004 hófst formlegt samstarf stofnananna á sviði þjónustu við háskólanám. Þekkingarsetrið hóf þá rekstur háskólanámsseturs en fyrir sinnti FræÞing annarri þjónustu við háskólanema. Á árinu 2004 gerðu Þekkingarsetrið og FræÞing með sér samkomulag um umsjón Þekkingarsetursins með daglegum rekstri FræÞings. Frá því seint á árinu 2005 hefur svo verið unnið að undirbúningi sameiningar stofnananna tveggja í samráði við menntamálaráðuneytið. Auk þessa samstarfs Þekkingarseturs Þingeyinga við FræÞing hefur setrið starfað frá upphafi náið með Náttúrustofu Norðausturlands. Sú samvinna hefur verið báðum stofnunum til mikillar samlegðar bæði faglega og fjárhagslega og ljóst að mikil áhersla verður lögð á að halda áfram því mikilvæga samstarfi.

Það hefur þurft að yfirstíga margar hindranir við fjárhagslegan rekstur setursins á tímabilinu. Með samstilltu átaki þeirra sem standa að stofnuninni, mikilli eftirspurn eftir þjónustu hennar og síðast en ekki síst sterku baklandi hefur það tekist. Þekkingarsetur Þingeyinga hefur verið líflegur og skemmtilegur vinnustaður sem hefur skapað nýja möguleika fyrir ungt fólk til náms og rannsóknarstarfa í heimahéraði. Það er von mín að Þekkingarsetrinu verði áfram gert kleift að vinna að því að styrkja innviði samfélagsins í Þingeyjarsýslum með starfsemi sinni.



Óli Halldórsson,
forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga

Starfsemi

Starfsfólk Bekkingarseturs Þingeyinga

Bekkingarsetur Þingeyinga hefur þrjá starfsmenn í starfi á heilsársvísu, forstöðumann setursins, Óla Halldórsson, verkefnastjóra símenntunar, Guðrúnu Kristínu Jóhannsdóttur og Guðrúnu Brynjarsdóttur sem hefur umsjón með húsnæði auk ýmissa annarra starfa. Fleira starfsfólk bætist svo við tímabundið þegar setrið hefur umsjón með sérverkefnum, einkum á sumrin.



Óli Halldórsson
Forstöðumaður
Netfang: oli@hac.is

Forstöðumaður, *Óli Halldórsson*, annast daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Forstöðumaður fer með stjórn fjármála Bekkingarseturs Þingeyinga í umboði stjórnar og annast reikningsskil. Samkvæmt samningi vinnur forstöðumaður einnig að afmörkuðum verkefnum fyrir Fræþing, einkum tengdum fjármálum og stefnumótun.



Guðrún Kristín Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri
Netfang: gunnaji@hac.is

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir er verkefnastjóri símenntunarstarfs. Guðrún er starfsmaður Bekkingarseturs Þingeyinga en er ráðin eftir samstarfssamningi Bekkingarsetursins og Fræþings. Hún hefur umsjón með námskeiðahaldi á sviði sí- og endurmenntunar og þjónustu við skólafólk og nema.



Guðrún Brynjarsdóttir
Húsumsjón og tilfallandi störf
Netfang: gudrun@hac.is

Guðrún Brynjarsdóttir hefur umsjón með húsnæði og ræstingum í Bekkingarsetrinu. Sinnir einnig afgreiðslustörfum, símsvörun og skráningarvinnu af ýmsu tagi. Guðrún er í hlutastarfi hjá setrinu.

Stjórn

Stjórn Bekkingarseturs Þingeyinga er samansett samkvæmt skipulagsskrá. Í stjórninni sitja 6 menn, tilnefndir til 2 ára í senn. Húsavíkurbær, Héraðsnefnd Þingeyinga, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Náttúrustofa Norðausturlands, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands tilnefna einn hver.

Eftirtaldir aðilar sitja í stjórn Bekkingarsetursins:

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður (Húsavíkurbær)

Björn Gunnarsson (Háskólinn á Akureyri)

Böðvar Pétursson (Náttúrustofa Norðausturlands)

Erla Sigurðardóttir, ritari (Fræðslumiðstöð Þingeyinga)

Jóhann Guðni Reynisson (Héraðsnefnd Þingeyinga)

Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands)

Á tímabilinu hafa orðið tvær breytingar á stjórninni. Böðvar Pétursson kom inn í stjórn fyrir Margréti Maríu Sigurðardóttur fyrir Náttúrustofu Norðausturlands og Jóhann Guðni Reynisson kom inn fyrir Jóhannes Sigfússon samhliða breytingum á formennsku í Héraðsnefnd Þingeyinga.

Hlutverk Bekkingarseturs

Samkvæmt skipulagsskrá er hlutverk Bekkingarseturs Þingeyinga þrípætt í meginatriðum:

1. Miðstöð rannsókna í héraðinu

Setrið verði þverfagleg miðstöð rannsókna í héraðinu og starfsvettvangur vísindamanna frá samstarfsháskólum og annarra eftir atvikum. Sameini undir einu þaki aðila sem stunda rannsóknir í héraðinu. Halda utan um niðurstöður rannsókna sem gerðar eru eða hafa verið gerðar í héraðinu. Komið verði upp góðri vinnuaðstöðu innan setursins til útleigu og/eða útláns til þessara aðila til lengri eða skemmri tíma.

2. Frumkvæði að rannsóknastarfi í héraðinu

Hafa frumkvæði að rannsóknastarfi og milligöngu um það í samstarfi við samstarfsháskólana (Háskólan á Akureyri og Háskóla Íslands). Leitast við að fá til Þingeyjarsýslna fræði- og vísindamenn, stúdenta og rannsóknarstofnanir til rannsókna, fræði- og ritstarfa. Einnig aðila á vegum annarra, s.s. stofnana, fyrirtækja eða samtaka, innlendra sem erlendra. Efla almennt rannsóknir í Þingeyjarsýslum. Hafa frumkvæði að einstökum rannsóknarverkefnum í héraðinu og koma á samstarfi milli þeirra aðila sem komið geta að slíkum verkefnum.

3. Háskólanámssetur

Treysta undirstöður háskólanáms í Þingeyjarsýslum í samstarfi við Fræðslumiðstöð Þingeyinga með rekstri öflugs háskólanámsseturs á Húsavík. Stuðla að nýtingu staðbundinnar þekkingar aðila innan og utan Bekkingarseturs til kennslu á háskólastigi.

Fræðslumiðstöð Þingeyinga


Haustið 2004 óskaði stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga eftir samstarfi við Þekkingarsetrið um rekstur miðstöðvarinnar. Þetta kom til af breytingum í rekstrarumhverfi Fræþings, m.a. þeirri ástæðu að framkvæmdastjóri lét af störfum að hausti. Undirritað var samkomulag við Þekkingarsetrið um að það tæki að sér rekstur Fræþings í nánú samráði við stjórn stofnunarinnar. Við þessar breytingar fluttist skrifstofa Fræþings frá Kópaskeri til Húsavíkur í Þekkingarsetrið. Guðrún Kristín Jóhannsdóttir var ráðin til Þekkingarsetursins til þess að sinna málefnum Fræþings eins og greint er frá að framan.

Töluverðar breytingar urðu á rekstri Fræþings þegar fyrrgreindur samningur tók gildi, en með þessari breytingu hefur Fræþing í fyrsta sinn yfir að ráða fullbúinni kennslustofu í húsnæði sínu. Þá hefur orðið mikil breyting til batnaðar á þjónustu við háskólanema í héraðinu þar sem Þekkingarsetur Þingeyinga hefur rekið háskólanámssetur frá hausmánuðum. Samhliða rekstri háskólanámssetursins jókst mikið almenn þjónusta og ráðgjöf við háskólanema. Haustmisserið 2004 fór að miklu leyti í aðlögun Fræþings að þessu breytta starfsumhverfi og starfsaðstæðum. Þá var lögð mikil vinna í stefnumótunarvinnu og breytingu á verkferlum stofnunarinnar í kjölfar þessara breyttu aðstæðna.

Heimasíða

Snemma árs 2004 var smíðuð heimasíða fyrir Þekkingarsetrið. Síðan var unnin og hönnuð í heimabyggð af fyrirtækinu Örð hf., samhliða heimasíðum Náttúrustofu Norðausturlands og Fræþings. Haldið hefur verið úti reglulegum fréttum af starfsemi setursins á heimasíðunni. Heimasíðan hefur verið þrýðilega sótt og fengið mjög góðar viðtökur. Að jafnaði sækja um 300-500 manns heimasíðuna í hverri viku.

Ákveðið var að nota skammstöfun enska heitis Þekkingarsetursins í léni síðunnar, þ.e. www.hac.is (Husavik Academic Center). Ástæða þess er sú hve óþjálrt íslenska heiti síðunnar þótti í léni.



Heimasíða Þekkingarsetursins www.hac.is

Starfsemi

Bekkingarsetur
Þingeyinga
Stofnanir/fyrirtæki

sumarið 2004

Bekkingarsetur Þingeyinga

Háskólanáms- og rannsóknasetur.

•**Óli Halldórsson** (M.A. umhverfisfræði – B.A. heimspeki)

Staða: Forstöðumaður Bekkingarseturs Þingeyinga
Samstarfsstofnun: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Húsavíkurbær, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Héraðsnefnd Þing., Náttúrustofa Norðausturlands



Virkjum alla – rafrænt samfélag

Afmarkað þriggja ára átaksverkefni um rafræna þróun sem sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit standa sameiginlega að. Verkefnið er styrkt af Byggðastofnun.

•**Örn Johnsen** (Sc. í vélaverkfræði)

Staða: Verkefnisstjóri hjá Anza hf. - verkefnisstjóri verkefnis um rafrænt samfélag "virkjum alla"
Samstarfsstofnun: Húsavíkurbær, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit, Anza hf.
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu á heilsársvísu



Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing)

Miðstöð simenntunar, endurmenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum. Fræþing á samstarf við Bekkingarsetur Þingeyinga um rekstur háskólanámsseturs innan setursins á Húsavík. Stofnanir eiga einnig samstarf um umsjón og þjónustu við fjarnámið.

Náttúrustofa Norðausturlands

Margvísleg rannsóknaverkefni á sviði náttúrufræða sem tengjast náttúru Norðausturlands. Náttúrustofan er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með fjárframlagi úr ríkissjóði skv. lögum þar um.

•**Borkell L. Þórarinnsson** (M.S./B.S. í líffræði)

Staða: Forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands
Verkefni: Dagleg stjórn NNA, ýmsar rannsóknir



•**Sesselja G. Sigurðardóttir** (B.S. í líffræði)

Staða: Starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands
Verkefni: Rannsókn á þróun smádyrasamfélaga í hálendistjörnum.



•**Auður Aðalbjarnardóttir** (B.S. nemi í líffræði)

Staða: Starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands
Verkefni: Samantekt rannsókna á nýtingu vatnsauðlinda í Öxarfirði og Kelduhverfi



•**Yann Kolbeinnsson** (B.S. nemi í líffræði)

Staða: Starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands
Verkefni: Vinna við fuglarannsókn vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Dettifossveggar



Frumkvöðlasetur Norðurlands

Vinnuástaða innan Bekkingarseturs Þingeyinga fyrir verkefni á vegum Frumkvöðlasets Norðurlands. 1 verkefni er í gangi sumarið 2004, þ.e. rannsókn á aðstæðum/auðlindum til fiskeldis við Húsavík (Sjá nánar að neðan).

Sjálfstæð rannsóknarverkefni

Ásmundur Gíslason (B.S. í sjávarútvegsfræði)

Rannsókn: Rannsókn á aðstæðum/auðlindum til fiskeldis við Húsavík
Samstarfsstofnun: Frumkvöðlasetur Norðurlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Hólaskóli
Samstarf við setrið: ÞP hefur umsjón með verkefninu, aðstaða nýtt innan setursins í samstarfi við Frumkvöðlasetur Norðurlands sumarið 2004



•**Björn Halldórsson** (M.S. nemi í umhverfisfr. - B.S. í jarðfræði)

Rannsókn: Jarðskjálftahættuman fyrir Húsavíkursvæðið
Samstarfsstofnun: Háskóli Íslands, Húsavíkurbær, Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu sumarið 2004



•**Guðrún Erla Jónsdóttir** (B.S. í ferðamálafræði)

Rannsókn: Ímyndarrannsóknir á Húsavík og Mývatnssveit sem ferðamannastöðum fyrir íslenska ferðamenn
Samstarfsstofnun: Kísilgúrsjóður
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu í hlutastarfi á árinu 2004



•**Elsa María Jakobsdóttir** (B.A. nemi í félagsfræði)

Rannsókn: Markaðsrannsókn á hvalaskoðunarfarþegum
Samstarfsstofnun: Norðursigling
Samstarf við setrið: Undirbúningur og framkvæmd rannsókna í samstarfi Norðursiglingar og Bekkingarseturs. Nýting vinnuáðstöðu í Bekkingarsetrinu sumarið 2004



•**Helga Jóna Jónasdóttir** (B.S. nemi í jarðfræði)

Rannsókn: Jarðfræðirannsókn á skriðum í Loðmundafirði
Samstarfsstofnun: Háskóli Íslands
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu sumarið 2004



•**Kristján Þór Magnússon** (B.S. í líffræði)

Rannsókn: Lífstílsrannsóknir á Íslendingum/Þingeyingum
Samstarfsstofnun: Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, KHÍ (Íþróttakennarakor), Landsspítali-Háskólasjúkrahús
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu á heilsársvísu



•**Ómar Þorgeirsson** (B.A. nemi í sagnfræði)

Rannsókn: Rannsókn á gömlum fiskimiðum í Skjálfaða
Samstarfsstofnun: Safnahúsið á Húsavík
Samstarf við setrið: Undirbúningur verkefnis, framkvæmd og fjármögnun unnin í samstarfi Safnahúss og Bekkingarseturs sumarið 2004



Yfirlit yfir starfsemi Bekkingarsetursins sumarið 2004 (afrit af kynningarveggspjaldi)



Starfsemi

Bekkingarsetur
Þingeyinga

árið 2005

Stofnanir og fyrirtæki innan setursins

Bekkingarsetur Þingeyinga

Háskólanáms- og rannsóknasetur. Sjálfseignarstofnun með aðsetur á Húsavík. Miðstöð rannsóknastarfs í og háskólanámssetur fyrir háskólanema búsetta í Þingeyjarsýslum. Rekstur Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga (Fræþing).

•Óli Halldórsson

M.A. umhverfisfræðingur – B.A. heimspeki
Verkefni: Forstöðumaður.



•Ásmundur Gíslason

M.S. nemi í viðsk. fræði, B.S. Sjávarútvegsfræðingur
Verkefni: Timabundin verkefni við rannsókn á mati á umhverfis-áhrifum. Afleysing forstöðumanns.



•Guðrún Brynjarsdóttir

Verkefni: Afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing)

Miðstöð símenntunar, endurmenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum. Stofnunin Fræþing er rekin af Bekkingarsetri Þingeyinga skv. samningi þar um milli stjórna stofnanna.

•Guðrún Kristín Jóhannsdóttir

Kennari, dipl. í menntunarfæðum
Staða: Verkefnisstjóri fyrir Fræþing. Dagleg umsjón verkefna Fræþings.
Samstarf við setrið: Vinnu- og kennsluáðstaða á heilsársýslu. Sameiginlegur rekstur og dagleg stjórn á vegum Bekkingarsetursins.



Náttúrustofa Norðausturlands

Margvísleg rannsóknaverkefni á sviði náttúrufræða sem tengjast náttúru Norðausturlands. Náttúrustofan er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með fjárfraðslu úr ríkissjóði samkvæmt lögum þar um.

•Þorkell L. Þórarinnsson

M.S./B.S. líffræðingur
•Verkefni: Forstöðumaður.



•Sesselja G. Sigurðardóttir

B.S. líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur í fullu starfi.



•Björgvin R. Leifsson

M.S. sjávarlíffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur í hlutastarfi.



Virkjum alla, rafrænt samfélag

Afmarkað þriggja ára átaksverkefni um rafræna þróun sem sveitarfélögin Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær og Þingeyjarsveit standa sameiginlega að. Verkefnið er styrkt af Bygðastofnun.

•Susan Martin

MBA, rekstrarfræðingur
Staða: Verkefnisstjóri Virkjum alla, rafræns samfélags, frkv.stj. Buska ehf.
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu á heilsársýslu. Samstarf við Fræþing um tölvufræðslu.



•Örn Johnsen

Sc. vélaverkfræðingur
Staða: Verkefnisstjóri tæknilausna
Samstarf við setrið: Nýting vinnuáðstöðu í vinnuferðum



Sjálfstæð rannsóknarverkefni

•Aðalsteinn J. Halldórsson

B.A. nemi í stjórnmálafræði
Rannsókn: Þróun nýsköpunarverkefnisins "Akademísk ferðabjónusta"
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða sumarið 2005. Verkefnisstjórn/umsjón Bekkingarsetursins



•Jóna Kristín Gunnarsdóttir

B.Ed. nemi í kennaranámi
Rannsókn: Þróun nýsköpunarverkefnisins "Heimskautagerði við Raufarhöfn".
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða sumarið 2005. Leiðbeining/umsjón Bekkingarsetursins.



•Guðlaug Vilbogaðóttir

B.A. nemi í fornleifafræði
Rannsókn: B.A. verkefni í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Rannsókn á Minningarmörkum kirkjugarða.
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða voríð 2005.



•Elva Guðmundsdóttir

M.A. nemi í mannfræði
Rannsókn: M.A. verkefni í umhverfis-mannfræði við Háskóla Íslands.
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða sumarið 2005.



•Dögg Matthíasdóttir

B.S. rekstrarfræðingur
Rannsókn: B.S. verkefni í rekstrarfræði við Háskólann á Akureyri.
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða jan.-maí 2005.



•Matthias Pelz

skipulagsfræðingur
Rannsókn: Þróunarverkefni á sviði ferðabjónustu
Samstarf við setrið: Vinnuáðstaða sept.-des. 2005.



Háskólanámssetur

Bekkingarsetur Þingeyinga rekur háskólanámssetur með vinnuáðstöðu fyrir þingeyyska háskólanema. Góð nýting hefur verið á aðstöðu setursins á árinu 2005 við lestur, vinnu, próftöku og almennan stuðning á sviði háskólanáms. 30-40 háskólanemar nýt sér aðstöðuna haustið 2005.

Gestarannsakendur

Á árinu 2005 var lögð nokkur áhersla á að tengja setrið fræðifólki á ferð um Þingeyjarsýslur með því að bjóða afnot af gestaíbúð og vinnuáðstöðu Bekkingarsetursins og Náttúrustofu Norðausturlands. Allmargir höfðu viðkomu á setrinu um sumarið og nýttu aðstöðuna við störf sín í héraðinu.

Yfirlit yfir starfsemi Bekkingarsetursins sumarið 2005 (afrit af kynningarveggspjaldi)

Þróun og umfang starfsemi

❖ 2003

Stofnunin hóf starfsemi í október 2004 í bráðabirgðahúsnæði að Garðarsbraut 5, Húsavík (Garðari). Tími nýttur fyrst og fremst í hagnýt mál við stofnun og stefnumótun nýrrar stofnunar.

❖ 2004

Stofnunin starfrækt í bráðabirgðahúsnæðinu að Garðarsbraut 5 fram á sumar 2004. Flutt inn í nýtt 280 fm húsnæði að Garðarsbraut 19, Húsavík, um mitt sumar 2004. Þekkingarsetrið opnað með formlegum hætti af menntamálaráðherra þann 10. ágúst. Fyrstu rannsóknarefni innan setursins sett af stað í upphafi árs. 4-5 háskólanemar í sumarvinnu við rannsóknir. Samningur gerður um rekstur Fræþings. Háskólanámssetur opnað að hausti.

❖ 2005

Starfsemi komst í fastar horfur og eflidist jafnt og þétt á árinu. Mikil aukning á notkun háskólanámsseturs og í allri þjónustu við háskólanema. Umsjón með tugum prófa háskólanema og mikil notkun á lesrými nema. 5-6 háskólanemar í sumarvinnu við rannsóknir, þar af 2 launþegar Þekkingarseturs í verkefnum á vegum setursins. Sérverkefni aukin á árinu (vegna fjárhagsvanda); stundakennsla forstöðumanns við H.A., ráðgjafarverkefni á sviði umhverfismála, rannsóknarvinna í samstarfi við Skipulagsstofnun. Stoðir símenntunarstarfsemi Fræþings styrktust á árinu eftir breytingar á áherslum í starfsemi. Þekkingarsetrið rekur Fræþing áfram skv. samningi þar um.

Húsnæðismál

Garðarsbraut 19, Húsavík

Fram á mitt ár 2004 var Þekkingarsetur Þingeyinga starfrækt í bráðabirgða-húsnæði ásamt Náttúrustofu Norðausturlands á 3 hæð í húsinu Garðari að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þessa fyrstu mánuði hafði stofnunin eingöngu 3 skrifstofur til afnota og var því áhersla lögð á undirbúningsvinnu, mótun samstarfs og verkefnaöflun.

Sumarið 2004 tók setrið við nýju húsnæði í miðbæ Húsavíkur. Um er að ræða 280 fm leiguhúsnæði á 2. hæð að Garðarsbraut 19. Stofnunin framleigir húsnæðið að hluta til annarra stofnana og aðila og myndar þannig “Þekkingarsamfélag” eins og henni er ætlað samkvæmt skipulagsskrá.



Húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga á 2. hæð við Garðarsbraut 19, Húsavík. Stofnunin flutti inn í húsnæðið um mitt ár 2004.



Í húsnæði Þekkingarsetursins er fullbúið lesrými með vinnuáðstöðu fyrir háskólanema og 15 manna kennslustofa sem einnig er nýtt sem fundarrými. Þá er rúmgóð sameiginleg kaffiaðstaða.

Húsnæðið er vel nýtt. Í árslok 2005 voru allar 6 skrifstofur í notkun og kennslustofan mikið notuð. Með flutningi Fræpings og Heilbrigðis-eftirlits NE inn í Þekkingarsetrið auk hýsingar verkefnisins “Virkjum alla” eru stofnanir innan setursins á heilsársvísu orðnar 5 talsins.

Formleg opnun Þekkingarsetursins

Þekkingarsetur Þingeyinga var opnað með formlegum hætti ásamt Náttúrustofu Norðausturlands þann 10. ágúst 2004. Haldið var opunarhóf þar sem ráðherrum, þingmönnum og samstarfsaðilum stofnananna innan og utan héraðs var boðið.

Þótt stofnanirnar hefðu báðar verið starfandi frá haustinu 2003 höfðu þær ekki verið opnaðar með formlegum hætti fyrr. Þessi formlega opunarathöfn fór fram í norðlensku góðviðri og var haldin utan dyra að mestu.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir opnaði



Frá opunarhófi Þekkingarseturs Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturlands í ágúst 2004.

Þekkingarsetrið formlega en við sama tækifæri opnaði Siv Friðleifsdóttir þáverandi umhverfisráðherra Náttúrustofu Norðausturlands. Þá ávarpaði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra gesti, en ráðuneyti hennar kemur beint að rekstri Þekkingarsetursins í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Opunarhófið heppnaðist prýðilega og var vel mætt til samkomunnar.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra opnar Þekkingarsetrið formlega með ávarpi þann 10. ágúst 2004.

Verkefni

Háskólanámssetur

Samkvæmt skipulagsskrá hefur Þekkingarsetrið það m.a. að markmiði að byggja upp háskólanámssetur. Því voru við innflutning í nýtt húsnæði keypt húsgögn og búnaður til háskólanámssetursins. Keypt hafa verið kennsluborð fyrir 15 nema og stólar við sem auðveldlega eru færanleg og hægt að nýta sem fundarborð þegar þörf er á. Þá voru keypt sérstök lesborð fyrir háskólanema og sett upp þráðlaust netsamband.

Nýting háskólanámssetursins hefur verið mikil og vaxandi frá opnun. 30-40 nemar frá hinum ýmsu háskólum landsins hafa sólarhringsaðgang að vinnuaðstöðunni í setrinu. Reynslan hefur sýnt að nemar nýta aðstöðuna á ólíkum tímum, þ.e. sumir í dagvinnu, en aðrir eingöngu á kvöldin og um helgar. Þetta gerir það að verkum að húsnæðið nýtist afar vel. Fyrir utan það gagn sem nemar hafa ótvírætt af þessari aðstöðu sem slíkri hefur tilkoma þeirra og dagleg umgengni í setrinu lífgað mikið upp á og skapað skemmtilega og fjölbreytta "háskólamenningu" á setrinu.

Rannsóknir

Á tímabilinu var unnið að allmörgum rannsóknarverkefnum á Þekkingarsetrinu. Sum þessara verkefna voru unnin að öllu leyti á setrinu, þ.e. frá upphafi til enda, en í öðrum tilvikum komu rannsakendur á setrið til tímabundinna starfa við verkefni sín eða setursins. Þá var unnið að ýmsum rannsóknarverkefnum á vegum Náttúrustofu Norðausturlands og er vísað til þeirrar stofnunar varðandi þau verkefni (www.nna.is).

Þekkingarsetrið aflaði styrkja til nokkurra verkefna á tímabilinu. Í sumum tilvikum vann setrið sjálft að þeim rannsóknum sem styrkir fengust til, með tímabundnum ráðningum eða með nýtingu starfskrafta forstöðumanns. Önnur verkefni voru unnin í samstarfi við ýmsa aðila innan eða utan héraðs. Þeir aðilar sem Þekkingarsetrið vann rannsóknarverkefni með á tímabilinu eru eftirtaldir helstir: Skipulagsstofnun, Hólaskóli, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Náttúrustofa Norðausturlands, Frumkvöðlasetur Norðurlands, Raufarhafnarhreppur, Húsavíkurbær, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Norðursigling o.fl. Að auki kom setrið að ýmsum rannsóknarverkefnum háskólanema.

Útseld vinna/sérfræðivinna

Ekki hefur verið gert ráð fyrir því að forstöðumaður Bekkingarsetursins sé mikið í útseldri vinnu. Þrátt fyrir það hefur forstöðumaður þurft að selja vinnu sína í afmörkuð verkefni á tímabilinu eftir því sem kostur var á vegna fjársveltis.

Að neðan eru helstu verkefnin rakin í stuttu máli:



Verkefni: **Kennsla við Háskólann á Akureyri**

Umsjón og kennsla forstöðumanns í skyldunámskeiði á 3. ári í umhverfisfræði við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri.



Verkefni: **Vinna fyrir Fræðslumiðstöð Þingeyinga**

Samkvæmt samningi Bekkingarseturs og Fræþings hefur skilgreindur hluti forstöðumanns Bekkingarseturs farið til stjórnunar og stefnumótunar fyrir Fræþing frá árinu 2004. Stefnt er að sameiningu stofnananna tveggja á árinu 2006.



Verkefni: **Vinna fyrir/með Náttúrustofu Norðausturlands**

Útseld sérfræðivinna forstöðumanns á sviði umhverfismála í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands. Unnið við gerð matsskýrsla og/eða við ráðgjöf um mat á umhverfisáhrifum og skipulagsmál í nafni Náttúrustofunnar.

Verkefni: **Önnur ráðgjafar-, kennslu- og rannsóknavinna**

Útseld sérfræðivinna forstöðumanns á sviði mats á umhverfisáhrifum. Ráðgjöf vegna mats á umhverfisáhrifum og rannsóknastörf á sama sviði. Tilfallandi kennslustörf, m.a. við Hólaskóla og framhaldsskóla í héraðinu.

Samstarf

Náttúrustofa Norðausturlands

Þekkingarsetrið hefur frá upphafi verið rekið undir sama þaki og Náttúrustofa Norðausturlands. Formlegt samstarf felst í húsaleigusamningi og samkomulagi um samnýtingu aðstöðu og tækja stofnananna. Forstöðumenn stofnananna vinna mjög náið saman að öllum veigameiri verkefnum beggja stofnana. Þetta samstarf hefur frá upphafi verið mjög farsælt og árangursríkt fyrir báðar stofnanir.

Fræðslumiðstöð Þingeyinga

Frá stofnun Þekkingarsetursins hefur samvinna verið mikil við Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Þótt hlutverkaskipti stofnananna hafi verið skýr á tímabilinu tengist starfssvið stofnananna að því leyti er varðar þjónustu við háskólanám og háskólanema. Í upphafi ársins 2004 gerðu stofnanirnar samning um hlutdeild Fræþings í starfskrafti forstöðumanns Þekkingarsetursins og á haustmánuðum breyttist þetta eins og áður er rakið yfir í það form að Þekkingarsetrið tók að sér rekstur Fræþings í heild og rekur nú stofnunina í samráði við stjórn Fræþings.

Háskólinn á Akureyri

Þekkingarsetrið á traust samstarf við Háskólann á Akureyri og var undirritaður samstarfssamningur milli stofnananna árið 2005. H.A. á fulltrúa í stjórn Þekkingarsetursins. Samstarfið hefur mest verið við auðlindadeild í formi kennslu. Þess utan hafa Þekkingarsetrið og Fræþing lagt mikla áherslu á það að þjónusta nema við Háskólann á Akureyri sem ekki hafa flutt búferlum á meðan námi stendur.

Háskóli Íslands

Þekkingarsetrið hefur einnig átt samstarf við Háskóla Íslands, en drög að samstarfssamningi við skólann eru í vinnslu. H.Í. á fulltrúa í stjórn Þekkingarsetursins. Þekkingarsetrið hefur kynnt stofnunum og skorum innan Háskóla Íslands möguleika á samstarfi um móttöku setursins á nemendahópum í vettvangsferðum. Þegar hefur verið tekið á móti slíkum hópum. Frekara samstarf H.Í. og Þekkingarsetursins er í stöðugri þróun.

Hólaskóli

Þekkingarsetrið og Hólaskóli hafa átt samstarf um rannsóknaverkefni og samnýtingu kennslukrafta á tímabilinu. Unnið er að því að koma á nánu samstarfi Hólaskóla og Þekkingarsetursins. Þar er ekki síst horft til ferðamálafræðibrautar Hólaskóla og þeirra sérstæðu aðstæðna sem Þingeyjarsýslurnar hafa á sviði ferðamála.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Þekkingarsetrið hafði reglulegt samráð og samstarf um ýmis mál við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga á tímabilinu. Starfssvið stofnananna hafa snertifleti og geta báðar hagnast á samstarfi. Samvinnan hefur verið farsæl og af henni m.a. hlotist fleiri en eitt þróunarverkefni í héraðinu.

Aðrir

Bekkingarsetrið hefur átt samstarf með einum eða öðrum hætti við fjölmargar aðrar stofnanir og fyrirtæki á árinu. Starfsemi setursins byggir mikið á því að skapa traust samstarfsnet innan héraðs og ekki síður að tengja starfsemina út fyrir héraðið og jafnvel landsteinana.

Fjárhagur

Rekstur 2003-2005

Samkvæmt samningnum við menntamálaráðuneytið hefur Þekkingarsetrið fengið 5 m.kr. á ári til rekstrar á tímabilinu. Húsavíkurbær hefur komið að rekstri með greiðslu 1 m.kr. á ári til stofnunarinnar. Starfshópur menntamálaráðherra gerði ráð fyrir ársrekstrarkostnaði upp á 11-12 m.kr. til grunnstarfseminnar.¹ Fjárframlög Þekkingarsetursins hafa því farið fjarri því að duga til þeirrar starfsemi sem stofnuninni var ætlað að standa fyrir skv. skipulagsskrá. Það sem varð til bjargar á fyrsta starfsárinu var að framlag vegna fyrsta ársins af þremur (2003) fullnýttist ekki á því ári þar sem stofnunin hóf ekki starfsemi fyrr en í október. Af þessum sökum náðist naumlega að láta enda ná saman um áramót 2004/2005. Á síðari hluta tímabilsins þurfti að leita allra leiða til að sækja meira fé til rekstrar. Þetta hafðist með tveimur meginleiðum, þ.e. aukafjárveitingu Alþingis annars vegar og háu hlutfalli útseldrar vinnu forstöðumanns hins vegar. Við þessar aðstæður hafa ýmsir stofnkostnaðarliðir sem ráðgerðir voru í upphafi óhjákvæmilega þurft að bíða vegna fjárskorts. Þá er ljóst að mikill vinnutími hefur farið til fjáröflunar á þessu tímabili.

Horfur fyrir rekstur til framtíðar

Í starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga hefur óvissa um fjármögnun og fjárframlög til stofnunarinnar og annarrar áþekkrar starfsemi á landinu verið helsta fyrirstaðan á tímabilinu 2003-2005.

Á öllu tímabilinu hefur samstarf Þekkingarsetursins og Fræðings verið að þróast og hefur stofnununum verið stýrt í nánú samráði á tímabilinu. Á árinu 2005 ákváðu stjórnir beggja stofnana að leita samráðs menntamálaráðuneytis um sameiningu stofnananna. Með bréfi í janúar 2006 lýsti menntamálaráðherra yfir stuðningi við sameiningu og greindi jafnframt frá því að ekki væri fyrirhugað að breyta því fjárframlagi sem fékkst á fjárlögum 2006 að hálfu ráðuneytisins. Í ljósi þessa hafa stjórnir stofnananna hrint af stað vinnu við sameiningu og má því fastlega gera ráð fyrir því að þær verði reknar undir einum hatti í framtíðinni. Miðað við þessar forsendur sem uppi eru í ársbyrjun 2006 má gera ráð fyrir því að árvissst grunnframlag til rekstrar sameinaðrar stofnunar verði um 22 m.kr.

¹ Menntamálaráðuneytið: maí 2005. Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík. Bls. 17.

Lokaorð

Tímabilið 2003-2005 einkenndist af mótun starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga og hraðri uppbyggingu stofnunarinnar. Þessi uppbygging og þróun hefur farið fram í mjög frjóu starfsumhverfi en frá upphafi við afar erfiðar fjárhagslegar aðstæður. Á móti erfiðleikum í fjármögnun hefur komið mikil eftirspurn eftir þjónustu setursins í héraðinu og góður meðbyr varðandi starfsemi setursins innan og utan héraðs.

Starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga fór mjög vel af stað á tímabilinu þrátt fyrir óvissu um fjármögnun og hefur náð stöðugleika undir lok tímabilsins.

Fari sem horfir með sameiningu Þekkingarseturs Þingeyinga og Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga munu stofnanirnar mynda saman öfluga miðstöð símenntunar, rannsókna og háskólanáms.

